



**NOTENDALEIÐBEININGAR  
FYRIR  
AVANTGARDE HJÓLASTÓL**

**OKTÓBER 2004**

Trönuhrauni 8  
220 Hafnarfjörður  
Sími 565 2885 / Fax 565 1423  
[stod@stod.is](mailto:stod@stod.is) / [www.stod.is](http://www.stod.is)

## EFNISYFIRLIT

Inngangur .....	2
Ætluð not .....	2
Þjónusta og viðhald .....	2
Afhending – hjólastóllinn undirbúinn fyrir notkun .....	2
Ráðleggingar um öryggi.....	3
Hjólastóllinn lagður saman og fluttur .....	5
Stillingarmöguleikar – stillingarleiðbeiningar .....	5
Viðhald og þrif .....	8
Að skipta um hjólbarða .....	9

**MYNDIRNAR SEM VÍSAÐ ER Í ERU FREMST Í  
BÆKLINGNUR SEM FYLGIR STÓLNUM.**

## INNGANGUR

*Avantgarde* hjólastóllinn er vönduð framleiðsla og býður upp á fjölbreytilega notkun í daglegu lífi.

**Vinsamlegast kynnið ykkur þessar notendaleiðbeiningar áður en hjólastóllinn er tekinn í notkun.**

Í kaflanum „Aukahlutir – valmöguleikar“ er lýst aukahlutum fyrir *Avantgarde* hjólastóllinn sem geta aukið notagildi hans og þægindi notandans.

Í kaflanum „Stillingar – samsetningarleiðbeiningar“ er því lýst hvernig unnt er að stilla hjólastóllinn þannig að hann komi til móts við einstaklingsþarfir notandans. Hönnun hjólastólsins, eins og henni er lýst í þessum notendaleiðbeiningum, og tækniþúnaður hans geta tekið breytingum án fyrirvara.

## ÆTLUÐ NOT

*Avantgarde* T, Ti8.9 og VR hjólastólarnir eru einvörðungu hannaðir fyrir fólk sem ekki getur gengið eða á í erfiðleikum með það. Bæði notandi hjólastólsins eða fylgdarmaður hans geta knúið þessar gerðir áfram.

**Ábyrgð framleiðandans, Otto Bock, er því aðeins gild að framleiðsla fyrirtækisins sé notuð í samræmi við tilgreinda skilmála, í þeim tilgangi sem ráð er fyrir gert og að fylgt sé ráðleggingum framleiðanda.**

## ÞJÓNUSTA OG VIÐHALD

Einungis viðurkenndir þjónustuaðilar Otto Bock mega annast þjónustu og viðhald á *Avantgarde* T hjólastólum. Hafðu samband við söluaðila hjólastólsins ef einhver vandamál gera vart við sig. Við allar viðgerðir munu varahlutir frá Otto Bock einvörðungu verða notaðir.

Viðurkenndur þjónustuaðili fyrir Otto Bock á Íslandi er: HTS Hjálpartæki – Stoð.

## AFHENDING – HJÓLASTÓLLINN UNDIRBÚINN FYRIR NOTKUN

Við afhendingu er yfirleitt búið að setja hjólastóllinn saman að öllu leyti og leggja hann saman.

Hann er undirbúinn fyrir notkun með þremur einföldum aðgerðum:

- Þegar hjólastóllinn er dreginn sundur eða lagður saman skal aðeins taka um þá staði sem til þess eru ætlaðir og sýndir eru á mynd 1–4, annars gæti verið hætt á meiðslum.
- Losaðu öryggisólina (mynd 4). Stattu eða sittu til hliðar við hjólastóllinn, hallaðu honum lítillega í áttina til þín og þrýstu á sætisbrúnina næst þér. Stóllinn mun þá opnast í fulla sætisbreidd, (mynd 1).
- Legðu fótafjölin niður (mynd 2).

**Fullvissaðu þig um að fótafjölin falli tryggilega í læsingu sína (á við um fótahvílu með einni fótafjöli).**

## RÁÐLEGGINGAR UM ÖRYGGI

Til að koma í veg fyrir að þú lendir í háskalegum aðstæðum, svo sem að hjólastóllinn velti um koll, skaltu þjálfá þig á nýja hjólastólnum þínum á sléttu undirlagi fyrst. Ef þú átt þess kost er gott að læra af reynslu annarra eigenda slíkra hjólastóla.

- Ekki nota fótafjölin sem þrep þegar þú sest í hjólastóllinn þinn eða ferð úr honum því þessi hluti hans er til þess gerður að smella upp og færast til hliðar.
- Kynntu þér hvernig eiginleikar hjólastólsins breytast eftir því sem þyngdarpunktur hans breytist, svo sem þegar farið er upp eða niður brekku, eða þegar farið er yfir hindranir, svo sem þrep eða kantsteina. Þetta ætti aðeins að gera með annarra hjálp. Sterklega er mælt með því að lítt þjálfaðir hjólastólanotendur og börn noti veltivörnina og einnig skal hún notuð ef drifhjólin hafa verið stillt til hins ítrasta.
- Veltivörnin var hönnuð til þess að koma í veg fyrir að hjólastóllinn velti aftur fyrir sig. Það á aldrei að nota veltivörnina til að styðja hjólastóllinn eftir að búið er að fjarlægja drifhjól hans.
- Hjólastóllinn getur oltið á jöfnu undirlagi ef búið er að stilla hann til hins ítrasta (t.d. ef drifhjólin hafa verið færð eins framarlega og unnt er) eða þá að notandi hjólastólsins situr rangt í honum!
- Gætið þess að efri hluti líkama hjólastólsnotandans hallist fram þegar hjólastólnum er ekið upp brekku.
- Þegar þú seilst til hluta framan við, til hliðar við eða aftan við hjólastóllinn **vertu þá viss um** að þú hallir þér ekki of langt þar sem breytingin á þyngdarpunktinum getur valdið því að stóllinn velti.
- Notaðu hjólastóllinn þinn á réttan hátt og gætilega. Þú skalt til dæmis ekki „taka stökk“ á honum fram af háum brúnum né aka honum á hindranir (þrep og kantsteina) án þess að draga fyrst úr ferðinni með hemlunum

- Aðeins á að fara upp eða niður stiga með hjálp aðstoðarmanns. Ef kostur er ætti að nota skábrautir eða lyftur. Ef hvorki er völ á skábraut né lyftu verða tveir aðstoðarmenn að bera hjólastólinn yfir hindrunina. Ef einungis einn aðstoðarmaður er tiltækur ætti sá hinn sami að stilla veltivörnina (ef hún er á hjólastólnum) þannig að hún snerti ekki stigaþrep meðan verið er að fara með hjólastólinn um stiga. Þetta hjálpar til við að hindra að hjólastóllinn velti. Að flutningi loknum skal stilla veltivörnina á réttan hátt að nýju.
- **Gættu þess** að hjálparmenn þínir taki aðeins á þeim hlutum stólsins sem eru tryggilega festir þegar þeir lyfta honum ( t.d. á hvorki að taka á fótafjölinni eða hæðarstillanlegum örmum hjólastólsins).
- Ef hjólastóllinn þinn er útbúinn með hæðarstillanleg ökuhandföng **skal það tryggt** að skruþvingur sem festa handföngin séu nægilega hertar.
- Notaðu alltaf hemlana þegar hjólastóllinn er kyrrstæður, á ósléttu undirlagi eða þegar verið er að flytja hjólastólinn (t.d. í bifreið).
- Virkni hemlanna og aksturseyginleikar hjólastólsins eru háðir því að loftþrýstingur í hjólbörðum hans sé nægjanlegur og jafn. Akstur hjólastólsins verður til muna auðveldari ef loftþrýstingur í afturhjólbörðum er réttur.
- Áður en hjólastóllinn er tekinn í notkun skal því **ætíð athuga** hvort ekki sé réttur loftþrýstingur í uppblásnu hjólbörðunum. Réttur loftþrýstingur er skráður á hliðar hjólbabarðanna. Á afturhjólnum ætti loftþrýstingur að vera að minnsta kosti 3,5 bör (350 kPa). Hemlarnir starfa því aðeins eðlilega að loftþrýstingur sé nægur og að þær hafi verið rétt stilltar (hámarksfjarlægð er 5 mm, en er háð tæknilegum breytingum).
- **Gætið þess** að gripflötur hjólbabarðanna sé nægilegur.
- Hafðu vinsamlega hugfast að þegar þú ekur hjólastólnum þínum á almannafæri ber þér að fara eftir þeim umferðarreglum sem gilda um ökutæki.
- Notir þú hjólastólinn að næturlagi skaltu tryggja að þú sért sýnileg(ur) þótt myrkur sé með því að klæðast ljóslitum fötum eða bera endurskinsmerki og með því að tryggja að endurskinsmerkinn aftan á hjólastólnum og á hliðum hans séu vel sýnileg. Við mælum einnig sterklega með því að setja ljós á hjólastólinn.
- Fyrir þá sem fótur hefur verið tekinn af fyrir ofan hné er nauðsynlegt að hjólahaf (vegalengd milli fram- og afturöxuls) sé meira en á venjulegum hjólastól.
- Ef áklæði hjólastólsins slitnar eða skemmist skal tafarlaust endurnýja það.
- Sýnið aðgát nálægt eldfimum efnum og eldi, einkánlega ef haldið er á vindlingi. Kviknað gæti í sæti hjólastólsins og bakstuðningi.
- Forðist áverka á hendur og setjið þær ekki milli afturhjóla og hemilsins (hjólalæsingarinnar) þegar hjólastólnum er ekið.
- Framhjólin hjólastólsins gætu tekið að rása í akstri, en þetta er háð ummáli hjóla, fyrirkomulagi þeirra og þyngdarpunkti hjólastólsins. Ef svo fer að framhjólin fara að rása getur það leitt til þess að þau læsist og kann það að valda því að hjólastóllinn velti. Af þessum sökum er mikilvægt að **gangga úr skugga um** að framhjólin séu rétt stillt (sjá kaflann „Stillingarmöguleikar“). Farðu með gát upp og niður brekkur, gættu þess að þú hafir fullt vald á stólnum og notaðu hemlana til að draga úr hraðanum.

- Þér getur hitnað á höndunum af núningi þeirra við hjólin þegar hemlað er á miklum hraða eða haldið á móti hjólastólnum niður langar brekkur. Þetta á ekki síst við þegar átakshringirnir eru gerðir úr áli. Hafðu leðurhanska á höndunum þegar þú ekur hjólastólnum utan dyra því með hönskunum verður grip þitt betra og þú hlífir höndum þínum við óhreinindum og blöðrum af völdum núnings.
- Hjólastóllinn notaður sem sæti í vélknunum farartækjum.  
**Við mælum eindregið með því að notendur hjólastóla noti sæti hins vélknúna farartækis ávallt þegar þess er kostur og þann öryggisbúnað sem í þeim er þar sem sá búnaður er best til þess fallinn að vernda farþega ef slys verður. Enn sem komið er hefur Otto Bock ekki sett á markað *Avantgarde T, Ti 8.9, VR* hjólastóla sem ætlaðir eru sem sæti í vélknúnum farartækjum en unnið er að undirbúningi þessa.**
- Hámarks burðargeta *Avantgarde T, Ti 8.9, VR* hjólastóla er 125 kg.

## HJÓLASTÓLLINN LAGÐUR SAMAN OG FLUTTUR

- Lyftið fótafjölinni. Takið um miðja stólsetuna framan og aftan og togið. Hjólastóllinn leggst saman við þetta (sbr. mynd 3).
- Notið öryggisólina til að halda stólnum í sínum skorðum þegar búíð er að leggja hann saman (sbr. mynd 4). Hægt er að gera hjólastólinn jafnvel enn auðveldari í flutningi en það er þó háð því hvaða gerð er um að ræða. Á *Avantgarde T* gerðinni með einfaldri fótafjöl er hægt að sveigja vinstri hluta fótahvílunnar út á við og draga með því úr breidd hjólastólsins (sbr. mynd 5). Á gerðinni *Avantgarde VR* er hægt að fjarlægja fótahvíluna og stytta með því heildarlengd hjólastólsins.

Í staðalbúnaði hjólastólanna eru smelluöxlar á drifhjólum sem auðvelda flutning þeirra (sbr. mynd 6).

- Stingið fjórum fingrum gegnum felguna og takið um felguna við hjólnöfina. Notið þumalfingurinn til að þrýsta á hnappinn á smelluöxlinum og mun þá hjólið losna auðveldlega af öxlinum. Farið að á tilsvareandi hátt þegar hjólin eru sett á aftur.
- Þegar hjólin eru sett á aftur **skal þess gætt** að smelluöxlarnir læsist tryggilega í öxulhúsið. Gakktu úr skugga um að ekki sé hægt að taka hjólin af án þess að þrýsta á hnappinn á öxulhúsinu.

## STILLINGARMÖGULEIKAR – STILLINGARLEIÐBEININGAR

Sérhver notandi hjólastóls æskir þess að hjólastóllinn uppfylli væntingar hans um gerð, aukabúnað, setþægindi og þægindi í notkun.

*Avantgarde* hjólastóllinn þinn býður upp á marga möguleika til að mæta þörfum þínum. Fáðu aðstoð söluaðila hjólastólanna eða sjúkraþjálfara við að meta hvaða gerð hjólastóls hentar þér best.

**Við viðgerðir og þjónustu er nauðsynlegt að hafa eftirtalin verkfæri við höndina:**

- Sexkantlykla, 4 mm, 5 mm, 6 mm
- Opna skrúflykla, 10 mm, 12 mm, 19 mm, 24 mm
- Skrúfjárn
- Átaksmæli
- Gjarðalykil

**Athugið: Vinsamlegast sýnið fyllstu aðgát við stillingar og / eða samsetningu því ella getur verið hætt á slysum.**

MIKILVÆGAR UPPLÝSINGAR: Hinn léttbyggði *Avantgarde Ti 8.9* hjólastóll fyrir athafnasama notendur er framleiddur með það fyrir augum að vera sem léttastur. Vegna þess verður að gera allar stillingar með mikilli gætni og helst ættu slík verk að vera í höndum viðurkennds Otto Bock þjónustuaðila. Það er einkum mikilvægt að fara eftir uppgefnum átakstölum fyrir hina sérstyrktu álskrúfbolta (sjá töflu hér aftar um leyft hámarksátak á álskrúfboltana).

Ef þú hefur ekki undir höndum viðeigandi verkfæri (svo sem átaksmæli) skaltu snúa þér til söluaðila hjólastólsins.

Leyft hámarksátak fyrir álskrúfbolta:

<b>Pvermál skrúfbolta í mm</b>	<b>Leyft hámarksátak í Nm</b>
6	5,5
8	13

#### **Að stilla festingar drifhjóla.**

Þegar breyta á stöðu drifhjóla hjólastólsins skal fyrst losa skrúfurnar sem halda festingunum og ýta festingunum fram á við. Þegar búið er að festa hjólin í þeirri stillingu sem óskað er eftir á að festa hjólaásinn / hemilinn á þann hátt að bilið milli hjólbarðans og bremsuklossans sé að hámarki 5 mm (þessi fyrmæli eru háð breytingum á tæknilegri útfærslu) (sjá mynd 50).

Aðgættu loftþrýstinginn í hjólbörðunum og virkni læsingarbúnaðarins reglulega. Réttur loftþrýstingur er skráður á hliðar hjólbarðanna og ætti að vera að minnsta kosti 3,5 bör (350 kPa). Gakktu úr skugga um að aðeins séu notaðir hjólbarðar frá framleiðanda hjólastólsins og að þverrákótt mynstur þeirra sé að minnsta kosti 1 mm á dýpt þannig að hemlarnir virki eins og til er ætlast.

- Gakktu úr skugga um að allar skrúfur og rær séu tryggilega hertar eftir að stillingum hefur verið breytt.

#### **Að stilla drifhjólafestingar á grind hjólastólsins.**

Þeim mun aftar sem festingar drifhjólanna eru þeim mun lengra er hjólahafið og að sama skapi er hjólastóllinn stöðugri.

Ef drifhjólin eru færð frammar (sem ekki ættu aðrir að gera en þjálfaðir notendur) verður hjólastóllinn betri í torfærum því auðveldara verður að lyfta framhjólunum og komast yfir hindranir eins og kantsteina og þrep.

**MIKILVÆGT: Vertu svo vinsamleg(ur) að lesa kaflann „Ráðleggingar um öryggi“ áður en þú hefst handa við að breyta stillingum drifhjólanna!**

- Losaðu um skrúfboltana (sjá mynd 57, hluti A og B) í festingum drifhjólanna svo mikið að hægt sé að færa festingarnar. Settu rammann í nýjar skorður með því að setja klemmuna sem stöðvar færsluna (mynd 57, hlutur C) í það

gat Vinsamlega athugaðu: Breytingar á stillingum drifhjóna hafa áhrif á afstöðu þar sem stillingin hentar þér. Hertu svo skráfurnar tvær vel (mynd 57, hlutir A og B).

- Gakktu úr skugga um að bæði vinstra og hægra hjól sé í sömu lárétu stöðu.
- framhjólanna til undirlagsins og vera kann að það þurfi að breyta stillingu þeirra þannig að hjólafestingarnar verði í 90° horni frá grind stólsins (sjá kafla um stillingu framhjóna). Gættu þess einnig að það þarf að stilla hemlabúnaðinn eftir slíka breytingu.

**Fullvissaðu þig um að allar skráfur, rær og boltar séu hert að lokinni stillingu!**

### **Að stilla hæð drifhjóna á öxli þeirra (mynd 58).**

Sérhver breyting á hæð smelluöxlanna á hjólastólnum hefur áhrif á sætishæð hans og þar með þyngdarpunktinn! Val er um það hvort sæti hallar fram eða aftur og er þetta undir hverjum og einum notanda komið. Eftir því sem drifhjólin eru hærri þeim mun meiri verður bakhalli notandans. Þetta hefur tvennt í för með sér; þ.e. að aukin hætta er á að hjólastóllinn velti aftur fyrir sig og að ökumaður stólsins situr aftar í sæti sínu og er þar af leiðandi stöðugri.

- Losaðu róna (mynd 58, hlutur A) innanvert á rammanum um öxulhús smelluöxlanna ( mynd 58, hlutur B) þar til hægt er að færa skífurnar, sem mjókka í annan endann, dálítið í sundur. Nú getur þú fært öxulhúsin dálítið upp eða niður í þá stillingu sem þú óskar eftir. Settu mjórri enda skinnanna í nýja stillingu og hertu svo róna vel (mynd 58, hlutur A). Leyft átak fyrir sexkantsróna (mynd 58, hlutir A og C) er 50 Nm.
- **Gættu þess** að breyta ekki stefnu skinnanna sem mjókka til endans og að bæði hægra og vinstra hjól sé í sömu lóðréttu stillingu.
- **Vinsamlega athugaðu:** Breytingar á stillingum drifhjólanna munu hafa áhrif á afstöðu framhjólanna til undirlagsins og getur þurft að breyta stillingum framhjóna þannig að gafflarnir séu í 90°. (Leitið upplýsinga í kaflanum „Að stilla framgaffla hjólastólsins“.) Einnig getur þurft að stilla hemlabúnað og hjólalæsingu.

**Til athugunar:** Það er hægt að stilla fjarlægðina milli hliða hjólastólsins og drifhjóna hans með því að stilla skráfur innan og utan (mynd 58, hlutir A og C).

- **Gættu þess að herða allar skráfur og rær tryggilega að lokinni stillingu.**

### **Að stilla framgaffla hjólastólsins (myndir 60 og 61).**

Eftir að búið er að stilla drifhjólin í þá stöðu sem óskað er eftir verður að stilla framgafflana þannig að þeir myndi 90° horn við undirlagið því þannig er þægilegast að aka hjólastólnum.

Festingar framhjólanna eru þannig gerðar að stiglaust stilling þeirra er möguleg.

- Byrjaðu á því að fjarlægja hlífarnar (mynd 60, hlutur B) af hjólafestingunum. Þvínæst skaltu losa rærnar tvær sem eru á innri hlið rammans (mynd 61, hlutur C), og síðan rærnar á ytri hliðinni (mynd 60, hlutur D). Settu hallamálið úr verkfærapokanum ofan á hjólafestinguna (mynd 61).
- Notaðu því næst stórt skráfjárn til að snúa hjámiðjuplötunni þannig að hjólafestingin færast í lárétta stöðu. Þegar hjólafestingin er komin í lárétta stöðu skal fyrst herða rærnar á (mynd 60, hlutur D) og síðan þær sem sýndar eru á (mynd 60, 61, hlutur C).

- Gættu þess að herða allar skrúfur og rær vel. Rétt átak fyrir *Avantgarde T* er 23 Nm, en fyrir *Avantgarde Ti 8.9* með álskrúfboltum er það 13 Nm.

#### **Að stilla fótafjöl *Avantgarde T* og VR (mynd 62).**

Stillanlegar fótafjalir eru staðalbúnaður.

- Losaðu sexkantskrúfuna á fremri festingu fótafjalarinnar (mynd 62). Stilltu fótafjölinu og hertu skrúfuna.

#### **Að stilla hæð fótafjalar *Avantgarde T* og *Ti 8.9* (mynd 64).**

- Hægt er að stilla hæð fótafjalarinnar þannig að hún henti fótleggjalengd notandans og einnig til að bregðast við þykkt þeirrar sessu sem notuð er. Losaðu rærnar á rörunum sem halda fótafjölinni að aftan og er þá hægt að stilla hæð fótafjalarinnar.
- **Athugið:** Það eru tvö göt með skrúfgangi á festingu fótafjalarinnar og vera kann að það verði að taka skrúfuna úr því gati sem hún er í og nota hitt gatið til að stilla fótafjölinu í þá hæð sem óskað er eftir.

#### **Að stilla stífleika sætisbólstrunar (mynd 65).**

Ef sætisbólstrunin hefur aflagast vegna langvarandi notkunar er hægt að strekkja það aftur þannig að þyngdardreifing líkamans og þrýstingur á sitjandann verði sem heppilegust.

- Losaðu krók-í-auga festinguna undir sætisbólstruninni. Strekktu á bólstruninni með því að nota krók-í-auga strekkjara. Gættu þess að lamirnar

#### **Að stilla stífleika bakstuðnings (mynd 66).**

Fjarlægðu púðann á bakstuðningnum og losaðu um böndin. Vinsamlega gakkstu úr skugga um að notandi hjólastólsins sitji eins aftarlega í honum og unnt er, þ.e. milli röranna. Mikilvægt er að bakstuðningurinn gefi eftir einkanlega á neðri hluta (mjóbak). Stilltu nú hvert bandið af öðru og byrjaðu á því neðsta. Settu svo púðann aftur á sinn stað. Lögun hins stillanlega bakstuðnings ræðst af þörfum hvers og eins notanda. Vinsamlega gættu þess að bakstuðningurinn sé ekki of stífur. Sé bakstuðningur rétt stilltur er notandi stólsins stöðugur í honum og rétt stilling kemur í veg fyrir setsár og aðra áverka.

## **VIÐHALD OG ÞRIF**

*Avantgarde* hjólastóllinn þinn hefur hlotið CE merkingu. Með henni tryggir framleiðandinn að tækið í heild sinni uppfylli kröfur 93/42/EEC leiðbeiningar Evrópusambandsins.

Ráðlegt er að ganga ætíð úr skugga um að hjólastóllinn sé í fullkomnu lagi áður en farið er að nota hann. Þau atriði sem talin eru upp í listanum hér á eftir ber að kanna með því millibili sem tiltekið er. Misbrestur á því að framkvæma þetta einfalda eftirlit getur valdið því að ábyrgð á hjólastólnum falli úr gildi.

## Atriði sem á að athuga

	Daglega	Vikulega	Mánaðarlega
Virgni hemla og hjólaláss	X		
Athuga og herða allar skráfur og rær		X	
Athuga sveigju í setu og bakstuðningi			X
Athuga stillingu framhjólalegu			X
Sjónskoðun slithluta (hjólbarða, lega)			X
Ath. hvort óhreinindi séu á legum			X
Loftþrýsting í hjólbörðum			X
Athuga gjarðateina drifhjóra			X

Ef í ljós koma ágallar skaltu snúa þér til söluaðila hjólastólsins sem mun bæta úr þeim.

Við mælum með því að þú látir viðurkenndan þjónustuaðila fara yfir hjólastólinn á þriggja mánaða fresti.

Notaðu mildan þvottalög og mjúkan klút við að gera hjólastólinn hreinan.

Þú getur sjálf(ur) annast ýmislegt í viðhaldi hjólastólsins til að tryggja að hann sé í fullkomnu lagi:

- Verið getur að hár og/eða óhreinindi safnist fyrir milli framhjólanna og framhjólagaflanna og getur þetta valdið því að hjólin snúist ekki eðlilega. Hreinsaðu vel á milli hjóra og framgaffals með mjúkum klút og mildum þvottalegi ef þörf er á.
- Hægt er að fá bæði drifhjólin og framhjólin með smelluöxlum. Til að tryggja að þeir starfi eins og til er ætlast þarf að gæta þess að ekki festist nein óhreinindi við öxulhúsin. Smyrja þarf öxlana reglulega með saumavélaolíu sem ekki má innihalda trjákvöðu.
- Ef hjólastóllinn blotnar skal þerra hann sem fyrst með klút.
- Notaðu ekki hjólastólinn þinn í söltu vatni (á ströndinni) því að sandur, salt valda því að málmar í stólnum ryðga og tærast og legur geta skemmst.
- Kannaður reglulega hvort skráfur eða rær hafi losnað. Ef einhver skráfa eða ró losnar í sífellu skaltu hafa samband við þjónustuaðila hjólastólsins tafarlaust.

## AÐ SKIPTA UM HJÓLBARÐA

Við mælum með því að þú hafir ávallt meðferðis loftdælu og viðgerðasett til að geta gert við hjólbarðana ef í nauðirnar rekur. Það er einnig hægt að verða sér úti um sérstaka viðgerðarkvöðu á sprautubrúsum (fæst t.d. á reiðhjólaverkstæðum) til að sprauta í sprunginn hjólbarða.

- Ef að springur skaltu nota viðeigandi verkfæri til að losa hjólbarðann af gjörðinni.
- **Gættu að því að þú skemmir hvorki felguna né slönguna í hjólbarðanum.**
- **Gerðu við slönguna í samræmi við leiðbeiningar á viðgerðasettinu eða skiptu um slöngu.**

- Áður en þú setur hjólbarðann aftur á gjörðina skaltu kanna innra borð hans vandlega í leit að því sem olli því að gat kom á slönguna.
- Aðgættu hvort borðarnir á gjörðinni sem hindra að teinar hennar gangi í slönguna séu ekki heil.

#### Að skipta um slöngu (mynd 69).

- Fjarlægðu ventilhettuna og komdu borðanum sem verndar slönguna frá teinum gjarðarinnar fyrir og stingdu ventlinum í gegnum ventilgatið á gjörðinni. Skrúfaðu ventilróna laust á, ef um slíka ró er að ræða. Settu að svo búnu borðann um gjörðina alla og fullvissaðu þig um að hann hylji alla teinaenda.

#### Hjólbarðar (mynd 70)

- Settu kanta hjólbarðans yfir brúnina á gjörðinni og byrjaður við ventilinn á slöngunni. Gott getur verið að þrýsta ventlinum dálítið inn til að koma í veg fyrir að slangan verði á milli brúnar hjólbarðans og gjarðarinnar. Dældu dálitlu lofti í slönguna og haltu svo áfram við að setja hana í hjólbarðann.
- Gættu þess að ekki séu brot á slöngunni og að hún falli vel inn í hjólbarðann. Ljúktu svo við að setja hjólbarðann á gjörðina og byrjaðu við ventilinn.

#### Lofti dælt í hjólbarðann

- Fullvissaður þig um að hjólbarðinn sitji rétt á gjörðinni. Ýttu loftventlinum aðeins inn og taktu hann svo út aftur til að tryggja að slangan falli vel að hjólbarðanum.
- Dældu nú í slönguna að því marki að þú getir auðveldlega þrýst hjólbarðanum saman með þumalfingri. Gakktu úr skugga um að hjólbarðinn sé í réttum skorðum á felgunni áður en lengra er haldið. Ef svo er ekki þarf að hleypa lofti úr og setja hjólbarðann í réttar skorður. Dældu að svo búnu lofti í hjólbarðann þar til loftþrýstingur er orðinn eins og mælt er fyrir um á hliðum hans. Settu svo ventilhettuna á.